

Fljótsdalshérað
b/t Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík 15. mars 2019
UST201903-074/A.B.
10.05.00

Efni: Umsögn - Möðrudalur – Fljótsdalshérað - bygging þjónustuhúss

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 7. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á byggingarleyfi fyrir sölu- og veitingaskála og eldsneytissölu.

Í erindinu kemur fram að þjónustusvæðið er á vegamótum Hringvegar 1 og Möðrudalsvegar.

Ásýnd

Svæðið sem er hér til umfjöllunar er óraskað flatlendi með melum og sandlendi. Umhverfisstofnun bendir á umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í kafla 2.2.1 í Landskipulagstefnu en þar segi: „*Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsákvarðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum*“.

Þjónustusvæðið sem hér um ræðir er óraskað flatlendi og því er það mat stofnunarinnar framkvæmdirnar munu líklega hafa veruleg áhrif á landslag og ásýnd svæðisins.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að halda öllu jarðraski í algjöru lágmarki og efnis- og litarval byggingarinnar falli að landslaginu.


Forsendur og ferðamenn

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum verkefnisins hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang verkefnisins, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarástaða, og umfang göngustíga.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
Sérfræðingur



Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur